



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 21. febrúar 2024

Efni: Styrkbeiðni frá Kvennaathvarfi

Með tölvupósti dags. 4. desember 2023 óskaði Kvennaathvarfið eftir áframhaldandi rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ vegna ársins 2024. Óskað var eftir 2.000.000 kr.

Kvennaathvarfið býður upp á margvíslega aðstoð og stuðning til kvenna og barna sem búa við ofbeldi og er eftir rekstur til 40 ára orðið ómissandi hluti þeirra þjónustu sem þolendum ofbeldis stendur til boða í samfélaginu.

Samtök um kvennaathvarf reka nú tvö athvörf, í Reykjavík og á Akureyri og eru þau sem nýta sér þjónustu athvarfanna fjölbreyttur hópur þolenda, aðstandenda og fagaðila alls staðar að af landinu. Stöðug aðsókn hefur verið bæði í dvalar- og viðtalsþjónustu athvarfsins og hefur viðtalshlutinn farið ört vaxandi undanfarin ár.

Undanfarin ár hefur Velferðarráð Kópavogs styrkt Kvennaathvarfið árlega um 1.000.000 kr. Í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri

1. Fylgiskjal – Beiðni um rekstrarstyrk 2024

